

## **Verklagsreglur og upplýsingar um framkvæmd samninga**

Akureyrarbæjar við Arnarneshrepp (ekki leikskóla), Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp (ekki heimaþjónusta), Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhrepp vegna framkvæmdar á félagsþjónustu í sveitarfélögunum.

### **1. Sameiginleg ráðgjafþjónusta.**

Samkvæmt samningum um ráðgjafarþjónustu á milli Akureyrarbæjar annars vegar og hinna sveitarfélaganna hins vegar tekur Akureyrarbær að sér að veita ákveðna ráðgjafarþjónustu í öllum sveitarfélögunum. Um er að ræða eftirfarandi eftirfarandi þjónustupætti skv. lögum.

Félagsleg ráðgjöf sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu nr. 40/1991  
Fjárhagsaðstoð sbr. VI. kafla laga um félagsþjónustu nr. 40/1991  
Mat á þörf fyrir félagslega heimaþjónustu sbr. VII. kafla laga um félagsþjónustu nr. 40/1991  
Mat á þörf fyrir félagslega liðveislu sbr. 24. gr. X. kafla laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.  
Sérfræðiþjónusta skóla sbr. VIII kafla laga um grunnskóla nr. 66/1995 og sbr. reglugerð nr. 386/1996  
Sérfræðiþjónusta leikskóla sbr. VI kafla laga um leikskóla nr. 78/1994  
Barnavernd sbr. Barnaverndarlög nr. 80/2002 og Barnalög nr. 76/2003.

### **2. Félagsleg ráðgjöf.**

Starfsmenn Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar veita faglega ráðgjöf í samræmi við lagaákvæði þar um. Ef um er að ræða verkefni sem sveitarstjórn þarf að koma að skal ráðgjafi Fjölskyldudeildar hafa samráð við sveitarstjóra eða oddvita.

Tengiliðir hjá Fjölskyldudeild eru Karólína Gunnarsdóttir verkefnisstjóri í félagsþjónustu ([karolina@akureyri.is](mailto:karolina@akureyri.is)) og Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri ([gudruns@akureyri.is](mailto:gudruns@akureyri.is)). Fyrsta viðtal hjá ráðgjafa skal vera svo fljótt sem auðið er frá því beiðni barst.

### **3. Fjárhagsaðstoð.**

Starfsmenn Fjölskyldudeildar taka á mótí umsóknum um fjárhagsaðstoð og vinna úr þeim. Við þá úrvinnslu, mat á fjárþörf o.fl. nota starfsmenn reglur Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð. Haft er samráð við sveitarstjóra eða oddvita sé þess talin þörf. Fjallað er um beiðni á fundi sem leggur til samþykk eða synjun skv. reglum um fjárhagsaðstoð. Fjölskyldudeild tilkynnir niðurstöðu deildarfundar til sveitarstjóra/oddvita sem greiðir út samþykkt aðstoð. Sveitarstjóri/oddviti tilkynnir umsækjanda um afgreiðslu umsóknar. Umsækjendur geta áfrýjað synjun til félagsmálanefndar síns sveitarfélags og síðan til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu.

Tengiliðir vegna fjárhagsaðstoðar hjá Fjölskyldudeild eru Karólína Gunnarsdóttir verkefnisstjóri í félagsþjónustu ([karolina@akureyri.is](mailto:karolina@akureyri.is)) og Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri ([gudruns@akureyri.is](mailto:gudruns@akureyri.is)).

### **4. Mat á þörf fyrir félagslega heimaþjónustu og félagslega liðveislu**

Sveitarstjórar/oddvitar í hverju sveitarfélagi taka á mótí umsóknum og koma til tengiliðar hjá Búsetudeild Akureyrarbæjar. Þar með fer umsóknin inn í afgreiðsluferli deildarinnar þar sem fram fer mat á þjónustupörf.

Þjónustumatið er gert eftir verklagsreglum Akureyrarbæjar um afgreiðslu umsókna um félagslega heimaþjónustu og félagslega liðveislu. Afgreiðsla matshóps

er send til viðkomandi sveitarstjóra/oddvita innan 4 vikna frá því umsókn barst en þeir annast alla framkvæmd þjónustunnar þar eftir, þ.m.t. að kynna viðskiptavini niðurstöður matsins.

Tengiliðir Búsetudeildar Akureyrarbæjar vegna félagslegrar heimaþjónustu og félagslegrar liðveislu eru Bergdís Ösp Bjarkardóttir forstöðumaður í heimaþjónustu ([bergdis@akureyri.is](mailto:bergdis@akureyri.is)) og Kristín S. Sigursveinsdóttir framkvæmdastjóri ([kristin@akureyri.is](mailto:kristin@akureyri.is)).

## **5. Þjónusta vegna leik- og grunnskóla.**

Fjölskyldudeild annast ráðgjöf við börn í leik og grunnskólum. Um er að ræða greiningu, ráðgjöf og námsáætlanagerð þ.m.t. sérkennsluráðgjöf. Skólarnir með samþykki foreldra vísa málefnum barna til sérfræðinga fjölskyldudeildar. Einnig geta foreldrar leitað beint eftir aðstoð vegna barna sinna. Skólastjórar viðkomandi skóla og tengiliðir fjölskyldudeildar sjá um frekari útfærslu á reglulegum samskiptum sínum.

Í samningi eru taldir upp þjónustupættir sem ekki eru innifaldir, og er þar f.o.f. vísað í þá þjónustu sem Akureyrabær hefur samið við Háskólann á Akureyri um að hann annist, sbr. 43. grein grunnskólalaga en þar sendur m.a. “Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðiþjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa.” Gert er ráð fyrir að innifalin í samningnum sé aðgangur að þeirri fagráðgjöf sérdeilda Síðuskóla, Giljaskóla, Lundarskóla, Hlíðaskóla og Oddeyrarskóla á Akureyri sem veita má símleiðis eða í bækistöðvum viðkomandi sérdeildar. Þjónusta talmeinafræðinga er utan samnings.

Tengiliðir hjá Fjölskyldudeild vegna skólaþjónustu eru Líney Helgadóttir verkefnisstjóri skólaþjónustu ([liney@akureyri.is](mailto:liney@akureyri.is)) og Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri ([gudruns@akureyri.is](mailto:gudruns@akureyri.is)).

## **6. Barnavernd**

Ákveðnir starfsmenn Fjölskyldudeildar eru starfsmenn Barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Þeir taka við barnaverndartilkynningum úr sveitarfélögunum, vinna úr þeim og beita viðeigandi úrræðum. Kostnaður við fóstur, vistun og fl. úrræði eru utan samnings og greiðast þar af leiðandi beint af sveitarfélagi. Viðkomandi barnaverndarstarfsmaður eða skrifstofustjóri Fjölskyldudeildar gera sveitarstjóra /oddvita grein fyrir ofangreindum útgjöldum þegar til þeirra er stofnað. Einstök barnaverndarmál eru lögð fyrir Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar samkvæmt “reglum barnaverndar Eyjafjarðar um könnun og meðferð mála sem undir hana heyra, umboð starfsmanna og fl.”

Tengiliðir hjá Fjölskyldudeild vegna barnaverndar eru Áskell Örn Kárason forstöðumaður ([askell@akureyri.is](mailto:askell@akureyri.is)) og Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri ([gudruns@akureyri.is](mailto:gudruns@akureyri.is)).

## **7. Samráð og skráning mála.**

Búsetudeild, Fjölskyldudeild og skóladeild skrá sérstaklega fjölda og tegund mála í hverju sveitarfélagi. Þannig verði hægt á ársgrundvelli að skoða hversu margir íbúar hvers sveitarfélags fá þjónustu skv. þessum samningi.

Bæjarritari skal í febrúar ár hvert boða til fundar um framkvæmd samningsins. Sveitarstjórar/oddvitar geta líka hvenær sem þurfa þykir óskað eftir fundi með fulltrúum Akureyrarbæjar um framkvæmd samningsins.

Akureyri 15. febrúar 2008.